


# Lífgeislar

TÍMARIT UM LIFSAMBOND VID AÐRAR STJÖRNUR

45. TBL. 9. ÁRG. DES. 1983



Sannleikurinn er geisli frá hinni æðstu veru. *Helgi Pjeturss.*

## DÝRAHRINGURINN. – (Sjá forsíðumynd)

Pegar jörðin er á árlegri göngu sinni um sólina, þá sýnist hún (sólin) færast úr stað meðal stjarnanna frá jörðu að sjá, og fylgja baug sem nefndur er sólbaugur, ekliptika, (en hann myndar  $23\frac{1}{2}^{\circ}$  horn við miðbaug himins).

Dýrahringurinn er belti sem liggur um sólbauginn endilangan og er um  $16^{\circ}$  breitt. Tólf stjörnumerki eru í dýrahringnum. Þau heita:

Hrútur (Aries); Tarfur (Taurus); Tvíburar (Gemini); Krabbi (Cancer); Ljón (Leo); Mey (Virgo); Vog (Libra); Sporðrekri (Scorpius); Bogmaður (Sagittarius); Steingeit (Capricornus), Vatnsberi (Aquarius); Fiskar (Pisces).

Sólin, reikistjörnurnar og tunglið sýnast færast eftir sólbaugnum um þessi stjörnumerki, en þau eru jafnmörg mánuðum ársins.

Mjög eru þessi 12 stjörnumerki misstór og einnig misbjört. Björtustu stjörnurnar frá jörðu að sjá eru þessar í hverju merki fyrir sig:

Í hrútsmerki stjarnan Hamal með sýndarbirtu 2 stig.

Í tarfsmerki stjarnan Aldebaran með 0,78 stig.

Í tvíburamerki stjarnan Pollux með 1,16 stig.

Í krabbamerki stjarnan Beta Cancri með 3,76 stig.

Í ljónsmerki stjarna Regulus með 1,36 stig.

Í meyjarmerki stjarnan Spica með 0,91 stig.

Í vogarmerki stjarnan Zubanelchemale með 2,61 stig.

Í sporödrekamerki stjarnan Antares með 0.86 stig.

Í bogmannsmerki stjarnan Kaus Australis með 1,81 stig.

Í steingeitarmerki stjarnan Deneb al Giedi með 2,91 stig.

Í vatnsberamerki stjarnan Sadalsuud með 2,86 stig.

Í fiskamerki stjarnan Eta Piscium með 3,72 stig.

Hér hafa verið nefndar björtustu stjörnurnar í stjörnumerkjum dýrahringsins og sést þá að mesta sýndarbirtu hefur stjarnan Aldebaran í tarfsmerkinu (0,78 stig).

Ef við aftur hyggjum að raunbirtu þessara sömu stjarna, þá er stjarnan Antares í sporödrekamerkinu langbjörtust, hefur raunbirtuna – 5,1 stig, sem samsvarar 11000 falldri birtu okkar sólar. Antares er í um 520 ljósára fjarlægð. Hún er rauður stórrisi og um 300 sinnum meiri í þvermál en okkar sól.

*Ingvar Agnarsson.*

# Erindi og greinar:

## NÝ BÓK EFTIR HEIMSPEKING

Allir Nýalssinnar hafa heyrт getið um Þorsteinn Jónsson, bóna á Úlfss töðum í Borgarfirði, og vera má að ekki sé laust við að hann sé kunnur með þjóðinni yfirleitt. En líklegt er þó að hann sé mun minna kunnur en vert væri, og þó ennþá minna metinn en kunnur, því að í hið eina sinn sem hann hefur verið verðlaunaður sem rithöfundur, var það gert í misgrípum (!) og strax leiðrétt árið eftir. En því er ég að minnast á slíka hluti, að þeir varpa nokkru ljósi á það hvað við hefur verið að etja þar sem var að koma fram fyrir hönd þess málefnis sem Nýalssinnar kenna sig við. Má af því ráða að stórhug hafi þurft til að stíga þar fyrstu sporin. En það var það sem Þorsteinn Jónsson gerði. Með því að skrifa í blöð og tímarit, með því að tala við einstaka menn, með því að leita sambanda við þá sem helzt mátti vænta undirtekta af, kom hann því til leiðar að sú hreyfing skapaðist sem síðan leiddi til stofnunar Félags Nýalsinna.

Þorsteinn Jónsson er nú að nálgast 88. afmælisdag sinn, en ekki hefur ellin meiri völd yfir honum en svo, að nú hyggst hann gefa út bók eftir sig, safn úr því sem hann skrifð hefur síðustu 25–30 árin. Hef ég ekkert hjálpað honum með neitt af því sem gera þurfti, en hins vegar hafa nokkrir ungir piltar og stúlkur tekið sig saman um að vinna hið nauðsynlega starf, sem þessu er samfara. En það er varla til of mikils mælzt, að ég skrifi um hann nokkrar línum af því tilefni.

Á árunum um og upp úr 1930 var Þorsteinn Jónsson vaxandi sem skáld, og veittu ýmsir bókmenntamenn því athygli sem frá honum kom, og þótti sterkt bragð að boðnarmiði hans. En þá sögu rek ég ekki lengra, nema þess skal getið að undireins verður vart hins heimspekilega þáttar í skáldskap hans. Það væri mikill mis-skilningur að ætla að slíkt væri samkvæmt fyrirmundum frá „læri-föður“ eins og einhverjum kynni að verða á í fljótfærni að ætla. Það er í eðli mannsins og skáldsins Þorsteins Jónssonar að vera heim-spekingur, hausinn á honum er þannig gerður, og hann hefði orðið

það á einhvern hátt, hvernig sem ástæður hefðu verið. En nú var það, að þessi unga heimspekkisál kynntist riti því sem Nýall nefnist, og sjaldan hygg ég að hugur hafi farið geystara en hjá bón dasyni þessum, sem þarna fann það sem hann hafði þráð. En það var sannur skilningur á tilverunni, á þeim aðalatriðum sem ekki voru áður kunn. „Það fann ég að þetta var hið rétta“ segir Þorsteinn Jónsson stundum, með sínu einfalda og yfirlætislausa orðfæri, og eftir því hefur hann lifað síðan. (Og hver er Nýalssinni nema sá, sem getur gert þau orð að sínum). Og þó að hann væri um tíma á leiðinni að því að „verða skáld“ þ. e. að vinna sig í álit á þeirri leið, létt hann það ekki aftra sér frá því að styðja það sem hann hugði vera sannleikann og ýmsir hafa síðan orðið til að hyggja með honum. „Blessaður farðu ekki að skrifa um heimspeki, það skaltu ekki gera“, sögðu skáldbræður og skáldsystur þegar þau fréttu að von væri á bók frá honum, sem átti að heita „Samtöl um íslenzka heimspeki“. „Pessi maður á aldrei að fá bókmenntaverðlaun, hann er bara bergmál af Helga Pjeturss“, sagði einn af ráðandi bókmenntamönnum – en var þó undrandi á því að P. J. skyldi sjálfur vita af „áhrifum á stil sinn“ frá H. P. og ekki fara í launkofa með þau. Enn verð ég að minna á, að ég er að segja frá þessu til marks um, að það var ekki nein bein braut til frægðar og makinda, sem var verið að kjósa sér, með því að taka í strenginn með Helga Pjeturss á þeim árum. Þorsteinn Jónsson hefur alla ævi unnið, ásamt fjölskyldu sinni, hörðum höndum að verki bón dans, og með þessu hefur hann öðlast og haldið við því andlega sjálfstæði, sem er í samræmi við hið bezta í sögu Íslands fyrr og síðar.

„Samtöl um íslenzka heimspeki“ (1940) og „Tunglsgeislar“ (1953) voru þau rit, sem mörkuðu stefnu heimspekkingsins Þorsteins Jónssonar, og get ég nú ekki farið að endursegja efni þeirra hér. En þess verður þó að geta, að hinn rauði þráður í heimspeki hans er minningaspekin, sem tengist heimspeki Nýals á eðlilegan og rökréttan hátt, og segi ég ekki fleira um það hér.

En nú er eins og áður sagði, von á nýrri bók frá Þorsteini Jónssyni, og hygg ég að sú bók muni þykja því betri sem lengra líður frá útgáfu hennar. Bókin mun hafa að geyma ýmsar af meiri ritgerðum hans frá síðari árum, – um eðli skyggninnar – um minningaheimspeki og hvernig framlíf byggist á því að hinn framliðni fær skilyrði til að *muna* frumlíf sitt – (allar framlífssannanir byggjast á því að minningum er komið til skila) en einnig verður í bók þessari annarskonar efni. eins og til dæmis ferðasaga Þorsteins

til Noregs, þegar hann komst meðal annar á Stiklastaði. Ég var með honum í þeirri ferð, og byrjaði hann á því að fá sér nokkura mínlíðna dúr í grasinu, því að gott veður var. En síðan fór hann að gera sér grein fyrir vígstöðunni á orustudaginn (sá þarf nú ekki að fletta upp í bókunum), og sagði hann mér með nokkrum orðum frá því, sem honum skildist um það efni. „Parna held ég að Ólafur (konungur) hafi fallið, sagði hann og benti á smákirkju, sem stóð á vellinum nokkuð frá öðrum húsum, – og trúði ég þessu eða trúði ekki. En svo hittum við gæzlumanninn, og sagði hann okkur sögu kirkjunnar. Ólafur konungur „hneigðist upp við“ stóran stein þegar hann fél, eftir því sem Heimskringla greinir frá, og þessi steinn var síðan í hávegum hafður eftir að Ólafur var kominn í dýrlingatölu. Var reist kirkja yfir steininum og stóð svo fram eftir öldum. En þegar siðaskiptamenn Lúthers komu til að skipa málum í nafni Danakonungs (Otti Stígsson o. fl.) töldu þeir helgi þá, sem almenningu hafði á steininum, hættulega, tóku hann upp og fluttu hann út á Prándheimsfjörð, þar sem þeir sökktu honum. Var auðfundin að kirkjuvörður kunni þeim legátum litla þökk fyrir það verk. En kirkjan var endurbýggð (hve oft man ég nú ekki), jafnan á sama stað, þar sem steinninn hafði verið, og þar stóðum við nú frammi fyrir altari því sem áður hafði staðið yfir steininum. Petta var kirkjan sem Þorsteinn hafði bent mér á að byrgja mundi banaþúfu Ólafs konungs, – og þóttist ég nú af þessu skilja mega, að vitsmunum nafna míns mætti vel treysta.

Annars verð ég að geta þess um leið, að þessi ferð okkar fór ekki alveg eins og ég helzt hefði kosið. Ég stefndi á Stiklastaði vegna þess áhuga, sem Þorsteinn hafði á þeim stað, en í rauninni langaði mig meira til að koma á staðinn Mæri, þar sem höfuðhof Prándheims hafði staðið í heiðnum sið öldum saman, búandmönnum til mikilla heilla. Var það alveg að mér komið að breyta ferðaáætluninni, því að þetta var ekki nema nokkrum kílómetrum norðar, og valt það á fáeinum hugrenningum og einu orði hvort yrði, og hygg ég að það hefði orðið til hins mesta láns, ef ég hefði tekið af skarið. En það varð ekki, og við það verður að búa.

En saga Þorsteins Jónssonar er mikil saga, þótt hann hafi setið á sama bletti mestalla ævina, og heimspeki hans er stórmerkileg, eins og mönnum mun verða því betur ljóst sem þeir leggja sig meir eftir henni.

Ég mæli eindregið með því að Nýalssinnar, og aðri sem gefa málefnum *Lífgeisla* gaum, gerist áskrifendur að hinni væntanlegu

bók *Þorsteins Jónssonar*, sem kemur með vorinu (kaupverð frá honum um 800 kr. vænti ég). Hafið samband við Svein Haraldsson, Álfhólsvégi 121 (s. 40765) eða okkur hér fyrir neðan hann, eða við Ingvar Agnarsson, eða við Þorstein sjálfan, og munu öll þessi fús að skrá nöfn hinna væntanlegu kaupenda.

*Þorsteinn Guðjónsson.*

## RÁÐ VIÐ OFHUGSUN

Ég þykist hafa gert á sjálfum mér athugun, eða náð að nokkru leyti valdi á hugarstarfsemi minni, þannig að það gæti komið einhverjum til góðs að vita af því. Ég þarf varla að taka það fram, að hugsun er ákaflega ríkur þáttur í lífi mínu. Heilinn starfar látlauast að því að leggja út af hlutum og atburðum með orðum. Ég reyni að forðast að gera úr þessu þráhyggju um einstök atriði, og eins reyni ég að forðast illar hugsanir, en það er þó ekki auðvelt þegar „bölaldar kvöl“ blasir við svo að segja hvar sem litid er.

Margir hafa, fyrr og síðar, fengið nokkrar frðun af því að biðja til Guðs (eða guða þeirra sem trúað var á í þjóðfélagi þeirra), og er það vel ef menn hljóta hjálp af því. En nú leitar hinn sístarfandi hugur skilnings á hlutunum, og þá vandast málið. Því að „fulltrúar Guðs á jörðu“, sem teljast vera, segjast bjóða mönnum frið sem er „æðri öllum skilningi“. Eða með öðrum orðum: þú átt að hætta að hugsa. — Enn hugsa ég málið, þreyti mig á heilastarfsemi, en segi við sjálfan mig: „Þeir eru flatjörðungar, og þekking þeirra á Guði er mjög ófullkominn — ég tek ekki mark á þeim. En ég geri annað, því að ég veit að þeir ráða fyrir aflstreyminu til jarðarinnar, þrátt fyrir ófullkomna kenningu. Ég laga mig eftir þeim. Ég veit að Guð er til, guð í alheimsgeimi, verundur, samvitund og samlíkami allra vetrarbrauta. Nú læt ég Guð ráða fyrir hugsun minni“.

Á hverju sekúndubroti, hvenær sem nokkur angí af hugsun bærir á sér, vísa ég henni til baka til „Guðs sem gaf“ — og þá er eins og viðmanninn mælt, þessi lemjandi inni í höfði mér hægir á sér og vöðvarnir í hálsi, herðum og höfði fara að linast og slakna. Ég sofna og líð inn í lönd hinna höfgu drauma.

*Þorsteinn Guðjónsson.*

## EFTIRMÆLI

Til skilnings á ævi móður minnar, Málfríðar Einarsdóttur, er gott að skipta ævi hennar í tímabil: Eftir uppvaxtarárin (1) sem hún hefur ýmislegt sagt af í bókum sínum, eru árin 1920–1940 réttnefnd Nýalstímabil hennar (2). Á þeim árum er Málfríður ágætust að mínum dómi, en jafnframt minnst virt þjóðfélagslega. Hún orti dálítið og eitthvað fékkst birt (fimm krónur fyrir þýðingu á Leconte de Lisle – það voru betri kjör en síðar). Á þessum árum giftist hún föður mínum, Guðjóni Eiríkssyni, og mér til mikillar ánægju uppgötvaði ég löngu síðar, að það var hann sem hafði keypt Nýal áður en þau giftust. — Pregar leið að lokum þessa tímabils skrifaði Málfríður Þorsteini á Úlfsstöðum: „Að ætla sér að koma þessu máli fram er eins og að ætla að færa Hafnarfjall út í miðjan Faxaflóa – með berum höndunum“.

Þorsteinn brá sér ekki við þau orð heldur skrifaði hann Samtölín. Og skildi nú með þeim frændsystkinum, því Málfríður réðst í bókmennentaskiprúm hijá Magnúsi Ásgeirssyni. Hún var annað af tveimur skáldum sem Magnús uppgötvaði. Jón Jóhannesson hét hinn og var úr Dölunum. (Dó í des. 1983).

Næstu tíu árin (3) var Málfríður frjáls í anda, leit sínum augum á silfrið, og sýndi mér ljós himnanna í skuggsjá þeirri sem Edda nefnist, og hefur það enzt mér síðan. Pregar ég var á nítjánda ári sagði hún við mig: „Ætlarðu ekki að fara að lesa bækurnar hans Helga Pjeturss?“ – en ég hafði eitthvað verið að tala um að þar mundi fara merkilegur maður. Ég lét ekki segja mér tvisvar, tók mið, náði áttum og hef ekki tapað þeim síðan.

Ef ég væri spurður „á hvora höndina“ Málfríður hefði verið á þessum árum, þá hefði svarið hlotið að vera: dálítið örvhent (þ. e. á vinstri höndina eins og hún var reyndar líkamlega), og komu þar e. t. v. til greina áhrif frá Sigríði, systur hennar, sem var baráttumaður jafnan fyrir annarra málstað heldur en sínum, til æviloka. En af speki sinni sá Málfríður að dimma manninum í austrinu væri ekki að treysta. Hún sá það að minnsta kosti til hálfss, en ég dró ályktunina til fulls og fór eftir henni.

En á Kaupmannahafnar- og sjúkrahúsa-árunum um 1950 gekk Málfríður inn í menningarsamfélagið (sem ófullgildur meðlimur). Menningarsamfélagið var á vinstri höndina, og þar með var hún ráðin í skip (4). Lítilla hlunninda þóttist hún þó njóta á skipinu, og hafði stundum orð á því að allt væri annað heldur gefið út en það sem hún átti til. Ég sagði við hana: Pó að ég segði þér ástæðuna, þá mundir þú ekki skilja hana. Hún sagði ekki neitt, því hún skildi fleira en hún sagði.

En um 1977 urðu einhver mannaskipti í menningarmálasætunum og Sigrús Daðason fór að starfa sjálfstætt (Ljóðhús). Þá opnaðist glufa fyrir Málfríði (5), farið var að gefa út eftir hana, bækur hennar seldust, og hún fékk Upphefðina, sem hún nefndi svo (verðlaun). Pað var alveg ágætt að hún fékk þessa upphefð. Konan míni las bækur hennar vandlega, léti vel af ritlistinni, en sagði, að hún hefði með þessum skrifum um „tiltölulega lítilsverð“ málefni, náð til sín athygli, sem ég hefði átt að fá. Pessu samsintti ég ekki. „Pað er gott að þeir viðurkenna hana“, sagði ég. Annað sem kona míni sagði var þetta: „Pví kemur hún ekki fram og styður málefnið, úr því að hún veit að þetta er rétt?“. „Ef hún gerði það mundi hún samstundis hverfa af sölulistunum“, sagði ég. Oft áttust þær við um þessi efni, með skrítilegum orðum, báðar tvær, og hafði ég gaman af að hlusta á þær.

Ég las aðra að fyrstu bókum móður minnar ekki fyrr en um nóttina áður en hún fór á spítalann. Pað kom mér nærrí því á óvart að sjá, hvað undirtónninn var þýður. Og þannig var hún mér í raun og veru. Grafskrift kann ég enga að setja henni, nema eftir því sem Bólu-Hjálmar kvað um Látra-Björgu:

Að Gimla sátrum gáfnamörg  
gekk með hlátrum sálin fjörg.

Hver hefur dirfzt, nema Bólu-Hjálmar, að tala um hlátrana í Himnaríki?

*Sonur.*

# MÖGULEIKAR LÍFSINS

„Lengi horfdu menn á þessi himinblys sem þeir kölluðu stjörnur, án þess að vita hvað þar glöði svo undarlega. En þó kom þar að þeir vissu að þar eru sólir og jardir aðrar. Og frumhaldið er að vita, að á þessum jörðum eru lísandi verur eins og a þessari, og að ver getum hafi samband við þær verur“.

Helgi Pjeturss.

## Um geislan efnis og lífs.

Á síðari árum hafa hugir vísindamanna beinst mjög til stjarnanna, langt umfram það sem áður þekktist þeirra á meðal. Stjörnufræðingum hefur tekist að kanna firnafjarlægar stjörnur og sam söfn stjarna (vetrarbrautir) í endalausum geimi og hafa notið til þess hinna snilldarlegustu tækja, sem mannshugurinn hefur til þessa getað upphugsað til þeirrar könnunar. Til allra átta geimsins hefur þessi könnun náð, upp og niður og til allra hliða ef svo mætti segja. Og til allra átta geimsins er jafn áhugavert að líta, því hvarvetna blasa við augum óendenlegar furður geimdjúpanna og því fremur, sem lengra er skyggnst. Aldrei fyrr hefur mannsauga átt þess kost að kynnast annarri eins dýrðarfegurð, eða mannshugur að töfrast eins af nýjum og nýjum furðuheimum, sem snilli tækni síðustu ára hefur opnað honum.

En svo stórkostlegum árangri, sem stjörnufræðin hefur þegar náð í könnun geimsins og mun sennilega bæta þar enn við sig í náinni framtíð, þá er þó eitt svið hennar, og vafalaust hið allra mikilvægasta, enn óunnið og ókannað að mestu. Þetta er svið *stjörnulíffræðinnar*, þeirrar fræðigreinar, sem í framtíðinni mun þykja allra vísindagreina mikilvægust og merkilegust og jafnvel að því leyti taka langt fram þeirri almennum stjörnufræði og stjörnuskóðun, sem nú er stunduð, með svo stórkostlegum árangri.

Það var vitsnillingurinn dr. Helgi Pjeturss, sem fyrstur lagði traustan grunn að þessari nýju vísindagrein, stjörnulíffræðinni. En alltof fáir hafa enn orðið til þess, að veita kenningum hans og rannsóknarniðurstöðum þá athygli sem þörf er á, til þess að um nauðsynlega framför geti orðið að ræða, í þessum málum.

Stjörnufræði og stjörnulíffræði þurfa að fara saman ef vel á að vera.

Eins og tekist hefur að færa efnafræðina út til stjarnanna, hinna geislandi sólna, eins mun takast að færa líffræðina út til stjarnanna, betur en enn er orðið, þegar skilningur hefur náðst á eðli lífsins.

Eins og hið glóandi efni sólnanna flytur okkar vitnesku um eðli þeirra og ástand með geislun sinni, sem er efnisgeislun, eins getur lífið á stjörnunum borið okkur boð með sinni geislun, sem er lífgeislun og gætum þannig öðlast vitnesku um eðli þess og ástand í ýmsum stöðum alheims. Fyrir lífgeislan getum við komist í beint vitundarsamband við íbúa annarra stjarna. Fjarlægðir geimsins munu ekki vera lífgeislanum til neinnar hindrunar eða tafar, svo furðulegt sem slíkt kann að virðast.

Helgi Pjeturss komst að þeirri niðurstöðu að líforka stafi frá öllu sem lifir, frá hverjum manni, hverju dýri, hverri jurt. Og eðli líforkunnar er þannig, að hún hefur áhrif á allt sem lifir og raunar á allt efni lifandi og líflaust.

Líforkan og lífgeislanin er alheimsmáttur, ekki síður en að-dráttarorka og geislan efnisins. Líforkan geislar sér milli hnatta og vetrarbrauta frá hverri lífheild og frá hverjum einstaklingi, og hefur áhrif á hvern einstakling. Og líforkan er óendanlega miklu hraðgeislaðri og langdrægari, en hin afarmerkilega efnisgeislun, sem nú er svo mjög rannsókuð, og sem gefur hinar mikilvægustu upplýsingar um eðli og ástand efnisins, jafnvel í hinum fjarlægustu vetrarbrautum.

Á þessum niðurstöðum munu stjörnulíffræðingar framtíðarinnar byggja rannsóknir sínar.

Pað mun koma í ljós að lífið er ekki nein aukageta í þróun efnisins í alheimi, heldur er lífið aðalatriði og frumpáttur í allri þróun.

„Lífið er pattur í tilraun til að koma fullkomnu skipulagi á hið líflausa efni sem stjörnurnar eru af gerðar“. (H. P.).

### Frumhlíf.

Jörð vor er frumlífshnöttur. Allt líf jarðarinnar á hét upphaf sitt. Enginn, sem hér er hefur lifað áður. Undirstöðuatriði er að vita þetta, til þess að geta áttað sig á stöðu vorri í tilverunni. Lífið hefur ekki komið hér fram af einni saman blindri og óvitandi tilviljun. Lífgeislan frá lengra komnum lífverum, óendanlega fullkomnum, í öðrum stöðum alheims, hefur hér átt hlut að máli. Því víst má gera ráð fyrir óendanlega fullkomnum og kærleiksríkum viskuverum, alsamstilltum og máttugum íbúum heilla vetrarbrauta, þar sem máttur eins er máttur allra og máttur allra er máttur hvers eins. Hér er í raun um að ræða hinn mikla verund, sem vér köllum guð, og sem hver einn jarðarbúi beinir huga til í hljóðri bæn, og öðlast þannig nánara samband við hinn æðsta mátt en ella væri.

Hér set ég nokkrar setningar úr ritum Helga Pjeturss er sýna álit hans á mikilvægi lífsins:

„Lífið á hverjum hnerti á að stefna að því takmarki, að geta tekið að sér stjórnina á náttúruöflum og möguleikum þess hnattar“.

„Lífið er það, sem er að brjótast fram til að skapa heiminn til fullkomnumnar“.

„Saga mannkynsins er þáttur í stjörnulíffráði, saga lífsins á jörðu hér, þáttur í sögu alls heimsins“.

„Fyr er ekki rétt stefnt, en til þess stefnir, að hver einstaklingur fái þátt í öllu lífi og allt líf í hverjum einstökum“.

„Lífið er kraftur, sem brýst fram í alheimi efnisins. Í þeim tilgangi að skapa efnið fram til sífellt æðri fullkomnumnar“.

Pótt hver einstakur jarðarbúi eigi hér upphaf sitt, þá mun líf hans halda áfram óendanlega á öðrum jarðstjörnum annarra sól-hverfa. Frá einum hnetti til annars mun leið hans liggja, eftir því sem þroski hans vex. Hér er hans framtíðarbraut. Í heimi efnisins, heimi stjarnanna, eru óendanlegir þroskamöguleikar og þarf ekki að leita út fyrir þann heim.

Ekkert er oss jarðarbúum eins áríðandi og að vita sem fyllst skil á sambandi lífsins í alheimi og hvernig vér getum bætt sambönd vor við lengra komna íbúa stjarnanna.

Um það segir Helgi Pjeturss m. a.:

„Hversu ennþá merkilegri verður hinn stórfurðulegi stjörnuheimur, þegar vjer vitum, að þar er framtíð lífsins, þar eru þau lönd, sem fyrir oss öllum liggur að eiga og nema“.

„Það liggur í edli lífsins, að eigi einungis dýrin lifa eftir dauðann, heldur einnig jurtirnar“.

### Framfaramöguleikar.

Og framfaramöguleikar lífsins eru óendanlegir, þar sem rétt stefnir.

„Fyrir öllum liggur, fyr eða síðar, að sækja fram til hinnar æðstu fullkomnumnar“.

„Tilgangur lífsins er að þroskast svo, að það geti sjálft á sífellt fullkomnari átt orðið skapandi“.

„Tilgangur alheimsins er hin fullkomna samstilling við hinn æðsta mátt“.

„Það sem oss vanhagar mest um hér á jörðu, er samband við fullkomnari lífsstöðvar einhversstaðar í heimi“.

„Öll náttúran þarf, hér á jörðu, að komast í annað horf, tök vitverunnar á náttúruöflunum að margfaldast. En leiðin til þess að þetta geti orðið, er betra samband við hinarræðri verur“.

### Um flutning til annarra stjarna og samband við framliðna.

Um þann möguleika að flytjast frá einni stjörnu til annarrar, segir Helgi m. a.:

„Eigi einungis ljósið, hitinn, rafmagnið, segulmagnið, bylgjar fram um geimdjúpin, frá stjörnu til stjörnu, heldur einnig lífmagnið. Lífmagn þess, sem býr á einni stjörnu skapar sér nýjan líkama á skyldu afslvæði annarrar stjörnu“.

„Sá sem deyr burtu af jörðu hér, þarf ekki að koma fram í betri stað. Hann kemur aðeins fram á skyldum stað en samstilltari“.

„Pegar maðurinn deyr burt úr frumlífinu, kemur hann fram, þar sem allir eru honum líkir, þ. e. hið skylda almenna afslvæði togar til sín einstaklingsaflsvæðið (entelekhíuna, „sálina“) sem losnar úr líkamanum, þegar hann er óhæfur orðinn til lífs“.

„Samband við framliðna, sem einnig er samband við íbúa stjarnanna, vísindalegt samband, verður eitt af því, sem mun gera framtíðina mjög frábrugðna því sem nútíðin er“.

„Mennirnir þurfa að vita af frændum sínum sínum á öðrum jarðstjörnum og kynnast þeim“.

„Aukin þekking á eðli sjálfra vor verður til þess að vér sjáum fram á aðferð til að uppgötva og rannsaka lífið á stjörnunum, og þá jafnframt lífið eftir dauðann“.

„Aukin þekking á eðli sjálfra vor, gerir það mögulegt, að láta einnig líffræðina ná til stjarnanna“.

„Um alla æfi mannsins stendur af honum geislan, sem kemur fram og safnast fyrir á afslvæði skylds en lengra komins eða samstilltara mannkyns. Og það sem þessi geislan stefnir án afláts að, er að endurframleiða líkama slíkan sem hún stendur af. Pegar nú maðurinn andast, losnar orka úr hinum deyjandi líkama og kemur enn fram í sama stað. Og nú skapar þessi geislan sér nýjan líkama og að því er virðist ráða mega af ýmsum sögum úr „andaheiminum“ – sem auðvitað eru ekki á engu bygðar, þó að mikil sé um misskilning – þá verður þetta með tilbeina hinna lengra komnu sem fyrir eru á þeirri stjörnu“.

„Pegar vér höfum vísindi við, megum vér glögt skilja, að einmitt þetta er sannleikurinn, að eftir dauðann á einni stjörnu, lifa menn áfram á annari. Og það er vel skiljanlegt að svo hljóti að vera,

þegar vér vitum, að lífið er einmitt þáttur í tilraun til að koma fullkomnu skipulagi á hið líflausa efni sem stjörnurnar eru af gerðar“.

Í framangreindum tilvitnum ræðir Helgi um óéandanlega framfaramöguleika lífsins á stjörnum og þar með um framhaldslif þeirra sem deyja burt héðan af jörðu og hverjar forsendur liggja til þess, að slíkt getur gerst.

*Ingvar Agnarsson.*

## TVÖ DÆMI

„Sagan af járnklippunum“ heitir einn kaflinn í hinni nýlega útkomnu bók eftir Þorstein Guðmundsson á Skálpastöðum, „Glampar í fjarska á gullin þil“, og minnir sú saga mig á aðra, sem Guðmundur G. Hagalín sagði mér einhverntíma. Er saga Þorsteins á þá leið, sem lesa má í bók hans, að járnklippur, sem hann og faðir hans ætluðu að fara að nota, fundust ekki, þar sem þær áttu að vera og heldur ekki á neinum öðrum stað, en blöstu svo allt í einu við, þar sem nauðleitað hafði verið. En frásaga Guðmundar gerðist á prestssetrinu, Holti undir Eyjafjöllum, og var hann þar ásamt konu sinni, Unni, næturgestur hjá kunningja sínum, Sigurði Einarssyni presti. En um morguninn, þegar Unnur ætlaði að taka úrið sitt, þar sem hún hafði lagt það af sér um kvöldið, þá fann hún það ekki þar, og varð þeim víst nokkur leit að því. Loks fannst úrið þó, en á svo ólíklegum stað, að Guðmundur taldi það hið skrítasta, sem fyrir sig hefði komið. Úrið fannst að lokum inni í skyrtukraga hans, og hafði það hlotið að fara þangað gegnum heilt. En hvernig slíkt hafði átt sér stað og eins þetta um járnklippurnar, læt ég ógert að svara. En dæmin hygg ég vera óyggjandi.

*Þorsteinn Jónsson  
á Úlfssöðum.*

## STJÖRNUHIMINN – DRAUMSÝN

Draumgjafi minn! Pú sem skapar mér drauma. – Ég leggst til hvíldar, bý mig undir svefninn. Og óðar hefst samband okkar. Eigin vitund hverfur, en þín vitund tekur við. Ég skynja hugsun þína, minningar og líf á þessari stundu. Pú horfir á stjörnuhimin þinnar jarðar. Pú hefur oft séð hann áður. En nú skynja ég hann einnig. Þín sýn og stjörnuathugun verður mér draumsýn. Ég horfi á himin þinn með þér. Ég renni með þér augum yfir allstórt svæði himins. Bjartar stjörnur blasa við augum. Og stjörnumerki gjörólík þeim er sjást frá minni jörð. Mig langar til að staldra við og horfa lengur á sum þessara stjörnumerkjana, en mér verður ekki að þeirri ósk, því þú ræður ferðinni, líklega af því að þú skynjar ekki til míni. Augu þín staðnæmast við stóran hvítan blett, alskínandi. Mikil stjörnuþyrping er þar á himni, lík kúluþyrpingum minnar vetrarbrautar, en margfalt stærri að sjá, eða eins og slíkar stjörnuþyrpingar sjást héðan í sterkum stjörnusjáum. Heillaður horfi ég með þínnum augum á þessa fögru himinsýn. Pú nýtur þessarar sýnar og ég nýt hennar með þér. Pessi sýn grópast í sofandi vitund mína, svo djúpt, að hún berst skýrt inn í vökuvitund mína, þegar draumasamband mitt við þig rofnar.

Og um leið og ég vakna, verður mér þegar ljóst, að ég hef farið í einskonar heimsókn til annars hnattar, þar sem þú átt heima, og þú hefur gerst gestgjafi minn eða sýngjafi og sýnt mér með þínnum eigin augum þann hluta himins þíns, sem fegurstur er. Þessari heimsókn minni til þín fylgir magnan nokkur, því sælukennd fyllir sálu mína, fyrst eftir að ég vakna. Líklega ert þú lífmagnaðri, en við jarðarmenn.

Kæri draumgjafi minn! Gjarna vildi ég aftur finna þig, og sjá með þínnum augum fleiri furður hnattar þíns og himins, og magnast af mætti þínnum.

*Ingvar Agnarsson.*

# HENDURNAR. – FYRIRBURÐUR

## I

Pað, sem nú skal sagt frá gerðist mánudaginn 30. maí 1983. Ég sat einn inni í stofu heima hjá mér. Úti var yndislegt veður, logn og sólskin. Stóllinn sem ég sat í var djúpur, með örmum og háu baki, sem náði alveg upp á axlir. Ég held, að þessa stund hafi ég ekki verið að hugsa neitt sérstakt, en var glaðvakandi, og horfði út um gluggann á allaufguð trén.

Allt í einu finnst mér tveir lófar vera lagðir að öxlum mér, neðarlega, svona um neðanverð herðablöðin, frá hryggsúlu beggja megin jafnt, og snoru fingurnir upp á við á ská upp eftir öxlunum. Ég fann greinilega fyrir lófunum og fyrir fingrunum; þeir lágu ekki þétt saman heldur var nokkurt bil milli þeirra um fingurgómana og þumalfingurnir stefndu út frá lófunum. Átak þessara handa var ekki þungt, en þó mjög greinilegt. Petta stóð aðeins andartak. Það hvarf eins snögglega og það hafði komið.

Mér brá nokkuð við þetta; þótti þetta í meira lagi einkennilegt. Og míni fyrsta hugsun var þessi: „Hér hefðu engar mannlegar hendur getað komist að, því stólbakið liggar fast að baki mínu og herðum alveg upp á axlir“.

Par sem ég nú sat þarna vissi ég ekki hvað ég átti um þetta að hugsa, en var þess þó fullviss að hér hafði ójarðnesk vera átt hlut að máli. Með fjarhrifamætti hafði henni tekist að vekja mér þessa tilfinningu, rétt eins og lófar hennar hefðu efnast eða líkamnast andartak. Ég þóttist þess einnig viss, að hér hefði verið um lækningsatilaun að ræða.

Í hálft annað ár hafði ég verið með astma á mismunandi háu stigi og sjó dögum áður en þetta gerðist varð ég fyrir því óhappi að detta í baðkeri og brákuðust rif á hægri síðu og ollu mér óþægindum um tíma.

## II.

Um það bil klukkutíma eftir að ég varð var þessara annarlegu handa hringdi síminn. Petta reyndist vera Porbjörn Ásgeirsson á Akureyri, góður vinur minn og mikill fylgismaður Nýalsstefnunnar. Eitt af umræðuefnum okkar og það sem hann lagði áherslu á, að ég skyldi reyna, var einskonar sjálfssefjunaraðferð, sem er fólgin í jákvæðri hugsun um eigin vandkvæði. Sá lasni getur t. d. reynt að segja upphátt við sjálfan sig á þessa leið: „Ég er alheill, ekkert amar að mér, ég er fullur af hreysti og lífsþrótti. Ég er glaður, hamingjusamur. Ekkert angrar mig og fleira í þeim dír

Petta sagðist Þorbjörn hafa reynt á sjálfum sér með góðum árangri. Ég varð honum þakklátur fyrir þessi ráð og fyrir alla velvild hans.

Ég verð nú að segja að ég hef áður heyrт og lesið um hliðstæðar sjálfssefjunaraðferðir og ekki reynt að færa mér þær reglur í nyt, sem þar eru gefnar.

Pess má geta í þessu sambandi að til er bók á íslensku sem heitir „Nýhyggja“ og er eftir Ella Wheeler Wilcox, gefin út árið 1929, þýðandi Inga L. Lárusdóttir, en sú bók gefur ýmis ráð um það, hvernig beita skuli jákvæðri hugsun, til að vinna bug á sjúkdómum, erfiðleikum og hverskonar mótlæti.

En í þeiri bók bólar ekkert á neinum skilningi á því, hvað valda muni þeim bata eða eyðingu erfiðleika, sem þar er fjallað um.

Aftur á móti er skýringanna að leita í lífgeislunarkenningum dr. Helga Pjeturss. „Það sem um ræðir, er nokkurskonar hleðslu- eða magnanaraðferð“ (H. P.) og hefur Helgi gert ýtarlega grein fyrir þess háttar magnan t. d. ritgerð sem heitir Kraftaverk og magnanafraði í Ennýal, en þar ræðir hann m. a. um franska læknirinn Emile Coué sem frægur var fyrir sjálfssefjunarlækningar.

Vík ég nú aftur að því, sem er tilefni þessarar greinar:

Mér þykir merkilegt það fyrirbæri, er mér fannst höndum þrýst að herðum mér, þar sem ég sat í stólnum, þennan umrædda dag. Og svo aftur það, að Þorbjörn skyldi tala við mig í síma nokkru síðar. Mér finnst, sem gera megi ráð fyrir því, að nokkurt samband sé milli þessara tveggja atburða.

Þorbjörn mun um stund hafa hugsað sér að hringja til mína. Og hann hefur hugsað til mína með velvilja. Pessi góða hugsun hans hefur stillt mig til sambands við einhverja kærleiksríka veru, sem hefur viljað hjálpa mér og henni hefur tekist að láta mig verða vara við sig, á þann hátt, sem að framan er sagt frá. Þorbjörn hefur þá orðið mér stillir til þessa góða sambands við einhvern, sem heima mun eiga í einhverjum öðrum stað tilverunnar.

Víst má telja að hugsanir manna hafi áhrif á þá sem til er hugsað. Því er mikilvægt að allir hugsi vel til allra. Sjaldan verða menn þessara hugsana varir, svo að rekja megi hvaðan þær stafi, en þó eru ýmis dæmi þess. Margir finna t. d. á sér, hvaða gestir muni koma. Hugsanaflutningur mun vera algengari en talið er.

Og stilliáhrif til góðs eða ills munu vera algeng, og ráða t. d. nokkru um draumfarir manna, auk þess sem höpp og óhöpp mun stundum mega til þessa rekja að meira eða minna leyti.

*Ingvar Agnarsson.*

# HUGLEIÐINGAR

## Gunnars Hjörvars

### Nýall og fíkniefni

Lýsingar á áhrifum af neyslu fíkniefna benda til þess, að þar sé dauðinn sjálfur á ferð, eins og hann er boðaður í Nýal. Neytendur lýsa skynjunum sínum sem svifi um geiminn og ýmist dýrðlegum eða hryllilegum stöðum og verum. Ef til vill eftir innra manni hvers og eins og væntanlegum heimkynnum. Pessar lýsingar eru í samræmi við það, sem berst fyrir miðilsmunn, er framlíðnir lýsa dauðastund sinni og hvernig þeir svifa til annars hnattar og lenda þar í misjöfnu umhverfi.

Pað hvarflar því að manni, að hér sé um sama fyrirbærið að ræða og að við neyslu fíkniefnis deyi maðurinn raunverulega að hluta til. Líkaminn hafi lamast. Í því sé skýringarinnar að leita á vanlíðan fíkniefnaneytandans. Fyrir miðilsmunn er sagt, að allar frumur líkamans hugsi. Hér hefur því hugsunin lamast einnig.

Lausn er erfið. En fyrsta skilyrðið er að átta sig á því, að dauðinn er flutningur á annan hnött og myndun nýs líkama þar.

29. 9. '83.

Gunnar Hjörvar.

### Nýall og dýrahald

Í Nýal stendur: „Meginerfiðleika á sambandi við lífið á stjörnum mætti yfirstíga með því að leggja saman lífsafl manns og dýrs.“ (Framnýall, bls. 25).

En það er ekki sama, hvaða dýr meðun leggja lífsafl saman við. Þau eru misjöfn að þessu leyti. Við þekkjum listann yfir hrein og óhrein dýr í bíblíunni.

Par er kindin og dúfan efst á blaði. Á jólanótt birtist engillinn yfir kindahjörð.

Í sambandstilraunum hefur þess orðið vart, að þeir á öðrum stjörnum hafa stuðst við söngfugla, sem hver og einn hefur við hlið sér í sambandsstöð eða þá verið innan um kindur.

5. 10. '83.

Gunnar Hjörvar.

## Nýall og trú, boðorð og refsing

Nýall boðar vísindi, sem taka við af trú. Í Nýja-testamentinu er ritað: „En trúin er fullvissa um það sem menn vona, sannfæring um þá hluti sem eigi er auðið að sjá.“ (Hebr. 11,1).

Nýall gefur þá innsýn sem nægir til þess að trúin verði óþörf. Nú er vitað, að menn eiga í vændum líkamlegt framlíf á öðrum hnöttum og að lengra komnir íbúar annarra hnatta, sannkallaðir guðir, eru að leitast við að ná sambandi við mannkyn þessa hnattar og leiðbeina því til betra lífs. Pekking er vegurinn til lífsins.

Öll kærleiksboð eiga rétt á sér. En viðmiðunin verður önnur. Allt miðast við samband við lífið á öðrum hnöttum.

Öll siðaboð fá einnig réttari viðmiðun. Allt miðast við líkamlegt framlíf á öðrum hnöttum og þroska einstaklingsins. Ef eitthvað dregur úr þroskamöguleika einstaklingsins, þá ber að fjarlægja það.

Öll refsing fær einnig nýja viðmiðun. Fangelsi draga úr þroskamöguleikum þeirra sem síst mega við því. Betra væri fræðsla í framlífsfræðum. Pjáning morðingjans í fangaklefa getur komið niður á hinum myrta, þar sem hann er í framlífi á öðrum hnettí sumri og sól.

Við erum að yfirgefa trúarbragðastigið og komast í beint samband við lífið í alheimi stjarna og vetrarbrauta.

5. 10. '83.

Gunnar Hjörvar.

## Örugg undankomuleið frá kjarnorkuvá

Helgi Pjeturss ritar í Nýal: „Menn gætu talað um tíu, hundrað eða þúsund mannafla biodynamo (lífaflvél); og því fleiri sem eru samhuga, því meira geta þeir til vegar komið með lífgeislun og sá maður sem þeir magna með trausti sínu.“ (Nýall bls. 162).

Pannig gæti vel samstilltur hópur Íslendinga, sem væru heima í fræðum Nýals, myndað kröftuga lífaflvél (stjörnusambandsvél), er yrði orku einstaklings á jörðu hér yfirsterkari.

En þeir yrðu að tala góða íslensku. Hún er sambandsmálið við aðra hnettí í stjarngeimnum.

Íslensk tunga og nýölsk hugsun er örugg undankomuleið frá kjarnorkuva.

**Íslensk tunga gegn kjarnorku.** Það er leið Nýals.

25. 9. '83.

Gunnar Hjörvar.

## Nýall og þjóðfélagsmál

Á sambandsfundi 12. 9. '83 spyr Halldór Pjetursson, rithöf-undur: Tengjast menn nokkuð í flokka eða sambönd út af stefnu lífsins þarna?

Fyrir miðilsmunn er svarað: „Pað virðist nú samkomulag vera um hlutina betra en á jörðinni og sammála eru menn um hvernig best verði stjórnað þjóðféluginu til heilla öllum og virðist það ekki ólíkt hugmyndum bestu andans manna jarðarinnar um réttlátt þjóðfélag og þó að ýmsu leyti framar heldur en menn nokkru sinni munu hafa látið sér til hugar koma að orðið gæti. En það held ég megi rekja ekki síst til betri skilnings á undirstöðulögumálum heims og lífs er hér er almennings eign. Má segja að það ríki hér virðing fyrir sjónarmiðum annarra. Enginn þykist geta kúgað annan. Það er algjörlega fjarlægt hugum manna.“ (Hallbjörn Halldórsson, prentari 12. 9. '83. Miðill: Sveinn Haraldsson. Segulbandsupp-taka: GH).

Pannig virðist framkvæmd þessara hugsjóna manna um réttlátt þjóðfélag vera háð hugarfarsbreytingu fjöldans. Með auknum skilningi á undirstöðulögumálum heims og lífs hverfa vandamál þjóðfélagsins.

Pessi aukni skilningur á undirstöðulögumálum heims og lífs fæst aðeins í fræðum Nýals. Pannig býr Nýall yfir lausn á þeim þjóð-félagslegu vandamálum sem við eignum við að búa.

Petta mætti ef til vill nefna „skilningsleiðina“.

20. 9. '83.

Gunnar Hjörvar.

## Nýr þjóðaratvinnuvegur?

Helgi Pjeturss ritar í Nyal: „Fáið mér tú þúsund lesendur, sem vilja láta sér skiljast að hér er verið að segja þau sannindi, sem breyta munu stefnu lífsins á jörðu hér. Og skemmtilega mundi sannast sambandið við góða staði. Hvílk breyting mundi verða á hugum manna og högum. Hversu slysum mundi fækka. Og sumar mundum vér fá, fegra en nú um aldir hefir yfir Ísland komið.“ (Nýall bls. 272).

Pannig felur Nýall og réttur skilningur á eðli heims og lífs, í sér nýjan þjóðaratviðnu veg fyrir Íslendinga. En þeir einir eiga hið nauðsynlega guðamál til sambands við góða staði.

Nú má spyrja, hver á að borga launin? Það gera útlendir meni. Peir munu koma í stórum stíl og fylla gistihús og farartæki um leið og þeir leituðu sér nýrrar þekkingar og fengju bót meina sinna. En auk þess, eisús og áður segir, mun allt ástand hér batna stórum og kostnaður allur minnka.

Það er hægt að lifa af íslenskri tungu og nýalskri hugsun betur en af fiskveiðum.

25. 9. '83.  
Gunnar Hjörvar.

## Íslendingar og kjarnorkusprengjan

Mannkyninu og þar með Íslendingum er ógnað með kjarnorkusprengju.

Fyrir miðilsmunn er sagt: „Hver hnöttur hefur sitt hlutverk í Vetrarbrautinni og má enginn þar undan víkjast að taka þátt í samstarfi heildarinnar.“

Það segir okkur, að jörðin verði ekki sprengd án vitundar heildarinnar og að mannkyn á billjónum hnatta muni láta sig það miklu skipta, hvort sprengt yrði.

Nú eru í sólum vetrarbrautarinnar stöðugar kjarnorkusprengingar. Áhrif þeirra ná þó skammt í stjarngeimnum. Lífið þekkir aftur á móti engin fjarlægðarmörk. Lífgeislinn fer vetrarbrautum á milli. Pannig er lífið kjarnorkusprengjunni öflugra.

En þótt svo færi, að jörðin yrði aldauða í kjarnorkusprengju, þá mundu allir koma fram í nýjum líkönum á öðrum hnöttum og í því efni þurfa Íslendingar engu að kvíða. Hin íslenska tunga og hið íslenska hugfar mun bera þá til betri hnatta.

29. 9. '83.  
Gunnar Hjörvar.

# Ljóð:

## ÝMIR

Eftir Einar Benediktsson.

*Höfundur sólar bjó heiminum leiði.  
Hofborgir guðs voru sokknar í eyði.  
— Hvar bærast þær varir, hvar finnast þau orð,  
sem eiga tákna yfir skaparans reiði!  
Djúpsins andi var aleinn til sagnar:  
Eldskaflar hruðu lífsins bord.  
Pá ómaði ei ljóð, þá stirndi ei á storð.  
Strengleiknum hinsta var orpið til þagnar.*

*Heimsnóttin drottnaði. Líft var ei ljósi  
né lind flaut af mold. Hún var þorrin að ósi.  
En orka sig væddi í efnis ham;  
þar andi nær flugi, þótt barmur hrjósi.  
Ógrynnin hvíldu, — eilífðin þagði,  
er Ýmir sté mikill í timann fram.  
Frumherji kraftanna Niflhel sér nam.  
Og norður í ætt hann valdboðin sagði.*

---

*Hver lífsglóð var alslokkin innst í kjarna.  
Á öræfum himnanna blakti ei stjarna.  
Tíminn var sjálfur eitt skugga-skar,  
sem skímu ei átti á gröf sinna barna.  
En Ýmir gnæfði af rökkri ragna,  
í rishæð og vídd yfir Ginnungamar.  
— Framliðinn svip yfir brá hann bar  
og blik þau í sjón, er heldýpi fagna.*

*Pví myrkrið er réttur ljóss til að lýsa,  
og líf nýtur heljar að endurrísa.  
Sem berdreymin sýn, fyrir byltandi öld,  
leið blakka merkið til norðlægra ísa.  
Áfangar, dægur á eilífðar vegi!  
Allt á að steypast, hörgar og völd.  
Aldirnar hurfu. Orðið var kvöld.  
– Árrisul veröld tók nýjum degi.*

---

*Sorgbúin nótt leit svartbryn að gluggi.  
Hún sveipaði loftheima dánaruggi.  
Par neisti ei fólst. Allt var nákalt og hljótt.  
Niflungadjúp var einn rótaus skuggi.  
Algeimur beið sem ógistur salur,  
né öskufall túmans bar hljóm eða þrótt.  
Stundir ei liðu. Allt rúm var rótt.  
Við ragnaskör stirðnaði aldanna valur.*

*Hver laut sínum auði, var aldrei ríkur.  
Öreigi bar hann purpurans flíkur.  
Sá stærðist af gengi stundar, var smár.  
Stór er sá einn er sitt hjarta ei svíkur.  
Hve þungsóttar urðu langfaraleiðir  
þess lífs, sem var naumt á sín bros og tár.  
Ævi, sem hvergi ber harm né sár,  
himininn rænir – og sjóðinum eyðir.*

---

*Svo hófst vorrar jarðar himneska ævi  
með hringrás af magni í bergi og frævi.  
Hrim undir sólþey, húmið við ljós,  
hjöðnuðu og dóu í ungvorsins blævi.  
Í tröllskuggans dráttum fólst meistaramyndin.  
Af moldinni vaknaði ódáins-rós.  
Frumstofninn geymdi dreng og drós.  
Dalurinn sökk til að hefja tindinn.*

*Einar Benediktsson  
(F. 31/10 1864 . . D. 12/1 1940).*

(Þetta sem hér er birt, er aðeins brot úr þessu mikla kvæði). Sumir telja, að *Ymir* sé hin rétta mynd þessa jötunsheitis Sbr. ymja. Nýal (bls. 382).

# Draumar:

## Hið gullna tungl. — Draumur

### I.

Mig dreymdi að ég stóð úti og horfði til himins. Myrkt var á jörðu og sá ég þó dökka láréttu brún hennar bera við lítið eitt ljósari himin. Það sem undir eins vakti athygli mína var tungl eitt mikid, er stóð á himni, eigi allhátt ofar jarðarbrúninni. Það var í fyllingu, alveg kringlótt og ef ég ætti að reyna að giska á staerð þess, held ég að hún hafi ekki verið minni, en svo sem þrefalt eða fjórfalt þvermál okkar tungls. Petta er þó óviss áætlun. Það var mjög bjart, ljósbrúnt á lit eða gullin-rautt mætti e. t. v. fremur segja, og fannst mér þessi litur þess heillandi fagur. Mjög var allt yfirborð þess jafnlitt, engir flekkir eða skuggar eins og þeir, sem svo mjög ber á í ásýnd tungls okkar jarðar. Er ég hafði athugað þetta fagra, stóra tungl um stund, tók ég samt eftir einhverjum örðum eða örlitlum blettum hér og þar á fleti þess, eins og væri þar um fjöll eða tinda að ræða.


Pessi draumsýn varð ekki lengri, en um leið og ég var að vakna komu í hug mér orð, skýr og greinileg, rétt eins og mér væru send þau úr annars vitund: „Draumar vísa leið til stjarnanna“. — Mér fannst eins og einhver sérstök gleði fylla sálu mína fyrst eftir að ég vaknaði.

### II.

Já, draumar vísa leið til stjarnanna, það má til sanns vegar færa.

Engan vafa tel ég á, að hér hafi verið um himinsýn að ræða frá örðrum byggðum hnetti.

Á þeirri stundu, sem mig var að dreyma, hefur draumgjafi minn, íbúi annarrar stjörnu, horft til himins og látið heillast af þeirri fögru himinsýn, tunglinu gulllita, sem blasti við honum. Og af því ég hef í draumnum verið í nánu sambandi við hann, hef ég orðið aðnjtandi þessa fróðleiks frá örðrum hnetti og jafnframt notið, frá þessum fjarlæga draumgjafa mínum nokkurnnar magnanar, sem entist mér fram yfir lok draumsins.



EKKI þarf að taka fram, að engin mannabyggð er á neinni reikistjörnu okkar sólhverfis, nema jörðinni og er því draumssýnina að rekja til jarðstjörnu í einhverju fjarlægu sólhverfi.

Pess má geta um leið, til fróðleiks þeim, sem telja alla drauma vera héðan af okkar jörð, að tungl okkar jarðar var í sólstefnu nokkrum dögum áður en mig dreymdi þennan draum. Nýtt tungl var þann 17. október og hefur því verið rétt tæplega hálf, vinstra megin sólar þann 23. október,\* þegar mig dreymdi þennan himinhönn. Um sýn frá okkar jörð gat því ekki verið að ræða, því tunglið í draumnum var fullt, eins og áður sagði. Og þar sem ég geri fyllilega ráð fyrir samtímasýn, er hér áreiðanlega um að ræða samband til annars hanttar.

*Ingvar Agnarsson  
(Dreymt 23. október 1982  
á Vífilsstöðum).*

### III.

## Athugasemd

### víð draum Ingvars „Hið gullna tungl“.

Pegar ég var að undirbúa útgáfu hinnar nýju bókar minnar á

---

\* Nýtt tungl var kl. 00,04 þann 17. okt. 1982. Tunglið var hálf (fyrsta kvartil þess) kl. 00,08 (þ. e. rétt upp úr miðnætti) þann 25. okt. 1982.

ensku máli, um hina íslenzku draumfræði (1982) sagði ég það engum, „nema þeirri einni er mig armi verr“ eins og Óðinn segir í kvæðinu forna. Beztu vinum og samverkamönnum sagði ég þetta ekki, og jafnvel í prentsmiðju læddist ég á tánnum, ef svo mætti segja – enda komst bókin út. En það mun hafa verið um 20. okt. sem ég létt loks *nafnið á bókinni* til setjarans (og litlu fyrr til káputeiknara). Ég hafði sérstaklega gætt þess, að enginn fengi fyrr að vita nafnið. En hvað er það sem Ingvar dreymir þarna, þegar bókarnafnið er fyrst að koma upp á borðið í prentsmiðju? (Ingvar kom þar ekkert þessar vikur, því hann var veikur): Það var *rétt og góð íslenzk þýðing* á hinu enska nafni bókarinnar (*Dreams are the Key to the Cosmos*). Ingvar fær setningu þessa frá frumlífshnetti þar sem íslenzka er vel töluð – og þeir fylgjast vel með því sem hér gerist þaðan. Já, þeir *kunna að þýða á íslenzku þar*.

En það er annað merkilegt við aðaldrauminn í þessari frásögn Ingvars. Peir sem lesið hafa Lífgeisla, muna ef til vill eftir „Draumi um tvö tungl“ í 34. hefti (þar sem draumgjafinn er á ferð um eyðilega og draugalega strönd, í erindagerðum). Fer honum að finnast undarlegt, að tunglin eru tvö, (þó að hann væri því vanur) og ókyrrist hugur hans af þessari tilfinningu. Vorum við Ingvar ekki óhræddir um andlegt jafnvægi manns þessa (draumgjafa á frumlífsjörð) eftir á, en vonuðum þó hið bezta fyrir hans hönd.

Þegar leið að útgáfutíma, þýddi ég draum þennan á ensku (í leyfisleysi), og tók upp í ensku bókina. Nú er það athyglisvert að „hið gullna tungl“ í síðari draumnum, er að stærð og ýmsum einkennum áþekkt „rauða stóra tunglinu“ í draumnum frá 1981, og gæti verið um sama tunglið að ræða.

Vissulega er fjölbreytni sambandanna mikil, og hin stjarnfræðilega fjölbreytni óendanleg ekki síður, en þó er margt sem mælir með því að draumsamböndin leggist í ákveðna tarvegi, verði við sum sólhverfi öðrum fremur. „Tvö tungl í draumi“ eru ekkert einsdæmi, og eru ýmis dæmi um slíkt skráð frá liðnum árum (Íslenzk stefna og víðar). En litur, stærð og ýmsar hliðarástæður mæla með því að í þessum tveim dæmum hafi verið um samband við sama hnött að ræða, og ef til vill sama draumgjafa. Ef svo er, þá þyrfti hann helzt að vita að tungl hans tvö eru kunn orðin á fjarlægum frumlífshnetti í alheimi.

Draumgjafi Ingvars kynni að vera sá maður, sem treystandi er á, um sambandsvitneskju frá þeim frumlífshnetti.

*Porsteinn Guðjónsson.*

# Draumar Svövu Jónsdóttur frá Hrærekslæk

## 1. Draumur um svif

Ég þóttist stödd í húsinu Valaskjálf á Egilsstöðum og var að flytja ræðu og kvæði.

Allt í einu rétti ég fram hendurnar og sveif yfir fókið, borð og bekki og upp á svalir sem eru í húsinu. Þar stoppaði ég stundarkorn og leit yfir salinn, sveif svo til baka aftur við dynjandi lófaklapp.

## 2. „Nú getum við ekki orðið samferða lengur“

Í draumnum vissi ég ekki vel hvar ég var, en fannst þó helst að ég væri stödd úti á hlaði á Hrærekslæk. Þótti mér þá viss kona, vinkona míni, koma og biðja mig að ganga með sér stuttan spöl. Við komum að stóru vatni, sem ég sá ekki út yfir, þó var það ekki sjór. Bát sá ég við landið. Þá kveður hún mig og segir: „Nú getum við ekki orðið samferða lengur“, og stígur um leið út í bátinn, veifar til míni og hverfur. Ræðara sá ég ekki í bátnum.

Daginn eftir frétti ég látt þessarar vinkonu minnar.

## 3. Hvítklæddi maðurinn á Kirkjuhól

Nóttina eftir að hún var jörðuð að Kirkjubæ, þá fannst mér ég vera stödd ásamt manni hennar og nánasta skyldfólk. Þetta var á milli bæjarins og kirkjunnar á Kirkjubæ. Vinkona míni var einnig í þessum hópi.

Mér fannst hún búast til farar, en engan kvaddi hún og þótti mér það undarlegt. Mér verður þá litioð út á svonefndan Kirkjuhól. Þar sé ég standa mann í hvítum klæðum með útbreiddan faðminn og mér virtist þetta mundi vera frelsarinn. Hann tók hana í faðminn og með það voru þau horfin.

## **4. Draumur fyrir mannsláti**

Síðasta veturinn sem hann pabbi lifði, dreymdi mig seinni konuna hans og bað mig að skila til hans, að við ætluðum að sækja hann þegar að því kæmi. Ég skilaði þessu og var hann mér mjög þakklátur fyrir. Nóttina áður en hann andaðist, dreymir mig að fyrri konan hans, Margrét kemur og segir: „Jæja, væna mín, nú erum við komnar“, og vissi ég þá að lokin væru nærri.

## **5. Draumur fyrir bata veikrar konu**

Á meðan ég var á Hrærekslæk þurfti ég ekki annað en halla mér útaf til að komast í samband við pabba. Einu sinni var Valgerður húsfreyja í Hallfreðarstaðahjáleigu, næsta bæ, veik suður í Reykjavík og dætur hennar sem heima voru mjög áhyggjufullar um líðan hennar. Segir þá einn við mig, hvort ég hafi nokkur ráð til að komaðst að því hvort veikindi mömmu sinnar séu mjög alvarlaeg, því hún vissi að mér birtist ýmislegt í draumi. Ég lagði mig fyrir eftir samtalið og fannst mér þá eftir augnablik ég stödd í löngu húsi en ekki háreisti. Þar sátu margir við borð og þar á meðal Þórarinn, maður Valgerðar sem þá var dáinn og pabbi minn einnig. Mér fannst ég þá hugsa sem svo, að þeir séu að bíða eftir henni Gerðu, því svo var hún alltaf kölluð af kunningjum. Stendur þá pabbi minn á fætu; gengur til míni og segir: „Hafðu engar áhyggjur af henni Gerðu, það er allt í lagi með heilsu hennar, hún kemur bráðum heim“.

Draumur þessi rættist bókstaflega og Gerða er ennþá á lífi 1980.

*Halldór Pjetursson ritaði þessa fimm drauma eftir eigin frásögn Svövu Jónsdóttur frá Hrærekslæk í Hróarstungu.*

## Hraðfara sól. — Draumur


### I.

Mér þótti ég vera í húsi einhverju. Í herberginu, sem var allstórt, var stúlka ein og þótti mér hún vera lömuð. Mér fannst hún vera hnuggin út af þessari vanheilsu.

Hún sagði við mig: „Nú fer sólin að koma upp. Mig langar til að fara út að glugganum og horfa á sólina þegar hún birtist. Pað kann að vera mér til góðs. Og ég vil þá um leið fara með ljóð, sem svo byrjar:

„Huggast skaltu / hafsglöðar bil“.

Ég aðstoðaði hana við að komast út að glugganum. Og er þangað kom, leit ég út að sjóndeildarhring. Hafsbrún var að sjá beint framundan og var þar mikil birta í lofti, en lágt fjall til hægri handar.



Skipti nú engum togum, að sól reis úr sæ, eigi alllangt vinstra megin við fjallið. En svo var mikill asinn (hraðinn) á þessari sól, að það tók hana aðeins örskamma stund að komast á loft. Og hún rann beint upp á himininn, (ekki á ská, eins og gerist hér á norðurslóðum) og á örskammri stund var hún komin allhátt á loft. Þessi hraðfara sól var alhvít, undireins og hún birtist ofar sjónhring, alskínandi. Pað var eins og geislandi sindur legðu út frá henni. Svo björt var hún, að erfitt var að horfa á hana. Mér virðist, sem stærð hennar hafi verið álíka og okkar sólar eða e. t. v. eitthvað minni.

Pegar okkar sól rís úr hafi, er hún ávallt rauðleit að sjá, og svo dauf, að ekki er erfitt að horfa á kringlu hennar. Valda því þykk loftlög jarðarinna. Hér var því mikill munur á.

Er nú þessi bjarta sól var komin allhátt á loft, – og það tók aðeins örskamma stund, – hætti ég að horfa á hana, en sneri mér að stúlkunni.

Hún var úti við gluggann og var að fara með ljóð, eins og hún hafði ætlað sér. Meðan ég var að horfa á hækkandi sólinu, var athygli míni alveg bundin þeirri heillandi sýn er þar bar fyrir augu, en þó heyrði ég eins og óm af því, sem stúlkan var að fara með. En nú er ég hætti að horfa á sólinu og leit á stúlkuna, var komið að draumlokum og vaknaði ég upp frá þessu.

## II.

Mér leið ákaflega vel, fyrst eftir að ég vaknaði. Þessi fagra draumsýn hafði þau áhrif.

Ég náði mér undireins í blað og penna og skrifaði hjá mér vísuorðin, sem stúlkan fór með og sem ég þóttist enn muna.

Ég fór að hugleiða þessar ljóðlínur. Eitthvað fannst mér ég kannast við þær. Þær hlutu að vera úr einhverju gömlu kvæði. Og nú datt mér í hug, að þær kynnu að vera úr kvæði því sem „*Kötludraumur*“ kallast. Ég komst að því að hér var rétt til getið. Kötludraumur er merkilegt kvæði, frá fjórtándu öld.

Erindið, sem hér um ræðir hljóðar svo:

„*Huggast skaltu  
hafsglóðar bil,\*  
þér skal bráðlega  
á burtu fylgja.  
Alt bið ég gangi,  
gullhlaðs Nanna\*\*  
þrálynd við mig,  
þér að óskum“.*

Undarlegt nokkuð finnst mér, að fyrstu ljóðlínur þessa erindis skyldu koma fyrir í draumi mínum og kann ég þar ekki skýringu á.

Aðalatriði draumsins og það sem mér finnst merkilegast, er að verða áhorfandi að sólaruppkomu, hraðari miklu, en um er að ræða á okkar jörð.

---

\* *hafsglóðar bil*, kvenkenning.

\*\* *gullhlaðs Nanna*, kvenkenning.

Við vitum að jarðstjörnurnar í okkar sólhverfi snúast um möndul sinn með mjög mismunandi hraða: Merkúr á 59 dögum, Jörðin á tæpum 24 klst., Júpíter á 10 klst., svo að nokkur dæmi séu tekin.

Áltið er að jörð okkar hafi snúist allmiklu hraðar um öxul sinn, fyrr á æfiskeiði sínu, en hún gerir nú.

Ekkert mælir því á móti, að einhverjir byggðir hnöttir snúist um sjálfa sig með allmiklu meiri hraða en Jörðin, en snúningshraði hnattar veldur sýndarhraða sólaruppkomu, eins og þeirri sem af var sagt í draumnum hér á undan.

*Ingvar Agnarsson  
(Dreymt 10. ágúst 1983).*

## Draumur um svif í löngum sal

Mig dreymdi að ég var staddur í húsi og voru fáeinir menn þar hjá mér. Petta hús var mjög langt, varla minna en svo sem 15 til 20 metrar en tiltölulega mjótt, e. t. v. um 4–5 metrar. Veggir voru um tveggja metra háir og súðmyndað loft, líkt og í gömlum baðstofum. Herbergi þetta virtist allt klætt með ljósum viði. Bjart var þarna inni en ekki tók ég eftir neinum gluggum. Við sáum við bord í öðrum enda þessa langa salar og vorum eitthvað að tala saman. Ég fann kraft leika um mig og ég lyftist upp úr sætinu og sat þannig í loftinu. Hinir litu á mig, og mér þótti, sem þeir yrðu nokkuð undrandi. Er ég nú hafði setið þannig stundarkorn, hugðist ég fára mig til og samstundis leið ég frá borðinu og félögum mínum og út í miðjan sal. Par stansaði ég smástund, en sveif svo áfram eftir endilöngu herberginu. Ég fann að augu allra hvíldu á mér og þóttist ég þá finna hvöt til að halda áfram þessu svifi mínu. Fór ég nú aftur um endilangan sal og kom til þeirra, sem við borðið sátu, við hinn enda salarins. – Draumurinn varð ekki lengri og vaknaði ég í þessu.

*Ingvar Agnarsson  
(Dreymt 23. sept. 1978).*

# Sambandsfundir:

## Fyrir miðilsmunn. 26. 9. '83.

Miðill Sveinn Haraldsson.

J. Fram kom: Ónefndur íslenskur maður.

Komið sæl.

Tala til ykkar fundar sem framliðinn íslenskur maður og hef mikinn áhuga á íslenskum málstað og að þetta málefni megi sigra og finnst mér mega gera sér stórar hugmyndir um yfirburði íslenskrar heimspeki yfir heimspeki annarra þjóða.

Merkileg þessi birta er þaðan leggur yfir mannkynssöguna reyndar. En það getur verið menn telji það ekki æskilegt að varpað sé ljósi á suma hluti. Það getur verið þannig viðhorfið hjá ýmsum að þókan sé þeim kærkomin.

En ég vil nú ekki fjölyrða um það að sinni. Vona að fleiri verði ljósinu fegnir. Það er heillavænlegast að sjá handaskil. Allt er í eðli sínu einfalt ef nógu djúpt er skyggnst. Innsæið er það sem birtuna gefur.

Já, hef ég mikla löngun til að vekja athygli manna á þessum merku fræðum þar sem eru veitt svör við svo mörgu er miklu skiptir að vita skil á mannlegri tilveru og enn æðri og það tel ég mega fullyrða þar sé um ví sindaleg svör að ræða hjá höfundi Nýals.

Segi ekki meira að sinni.

*Gunnar Hjörvar  
ritaði eftir segulbandsupptökum.*

## Fyrir miðilsmunn. 26. 9. '83.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

K. Fram kom: Hallbjörn Halldórsson (þrentari).

Hallbjörn Halldórsson. Heil og sæl.

Margir með mér framliðnir vinir íslenskir og erum samankomnir í sambandsstöð. Ég er með hugann hjá ykkur þessa stund og aðrir hér að senda ykkur kraft og tala við ykkur örfá orð um leið. Þið eigið eftir að finna ápreifanlega kraftinn, er Helgi Pjeturss kallaði

lífagnan og lífgeislan. Þetta er sá kraftur, er sameinar alla lifendur í öllum alheimi og er hinn æðri kraftur tilverunnar.

Petta er vissulega höfuðsannleikur, að lífið er tilraun til að fullkomna efnið, hefja það á sífellt æðra stig samstillingar og fegurðar. Annars hefði efnið engan tilgang. Það er höfuðskilningur, að stefnt er til fullkomnunar alheimsins. Allt er þetta nú ekki svo torskilið.

Jæja, ég held ég verði fáorður að þessu sinni.

Pakka nú fyrir. Verið sæl.

*Gunnar Hjörvar  
ritaði eftir segulbandsupptöku.*

## Fyrir miðilsmunn

Miðill: Sveinn Haraldsson.

L. Fram kom: Ónefnd íslensk kona.

Sæl Íslensk kona.

Það eru margar framliðnar konur hérrna.

Ég er að virða fyrir mér fjöllin hérrna og hvernig sólin skín á þau. Munur allmikill á landslaginu en samt er það ekki með öllu ósvipað Íslandi. Ýmis litbrigði í landslaginu minna á gamla Ísland mitt ~~og~~ það meira en litbrigðin, gróður og annað ekki ósvipað, þótt meiri fjölbreytni sé hér.

Trjágróður hérrna fjölbreyttur nokkuð. Ávaxtratré til og það ákaflega hollir ávextirnir, gómsætir. Ennfremur eru hérrna dýrattegundir ýmsar. Sumar þær er ég áður þekkti á Íslandi. Þetta er ekki endurtekning nema að sumu leyti.

Margt að sjá sem undrun og ánægju vekur í jurtaríkinu líka.

Já, hér er fjölbreyttur gróður og fagur víða.

En ákaflega eru fjöllin fögur í sólarbirtunni.

En það er eins og sólin alltaf sé á sama punktinum á himninum, færist ekki úr stað, alltaf á sama stað á himni og þar eru hér ekki skipti dags og nætur þessvegna, þó ekki segi ég að það sé um allan hnöttinn sól eða dagsljósið.

En hér er dásamleg birtan og yndislegt um að litast. Það eru heimkynni á björtu hliðinni fögur en ekki á dimmu hliðinni. Þar er enginn farsæll. Heimkynni verstu manna.

En það eru björgunarleiðangrar gerðir þangað og ekki án árangurs. En hættur eru þar á ferð. Æn ég hef ekki árætt enn í slíkan leiðangur. Ég ætla að reyna þetta.

En þetta merkilega fyrirkomulag, himnaríki og, hvað maður á nu að kalla það, myrkheimur á sama hnettum er nú ekki alls-staðar svona en víða. En það er ef til vill til þess að hjálppinni verði fremur komið fram, að það sé svona á sama hnettum.

Já, að ýmsu leyti er þetta stórkostlega merkilegt starf, er hér fer fram, að heimta menn úr helju. Fyrir mér er þetta staðreynd og þó ekki nema að afspurn ennþá. Ég hef ekki komið enn á dimmu hlið hnattarins.

Stöðugt eru menn að flytjast af jörðinni til annarra hnatta. Ekki lenda þeir allir á björtum stöðum og góðum, því miður. Þetta fer eftir þroska hvers og breytni, hvert umhverfið verður og félags-skapurinn og það þarf auðvitað ekki að segja ykkur, að margur á ófagra ævi að baki, er af jörðinni flytst.

*Gunnar Hjörvar  
víði eftir segulbandsupptöku.*

## Við árslok Til lesenda Lífgeisla

### Útkoma Lífgeisla:

Loks eru komin út öll þau hefti, sem tilheyra árinu 1983, og er það vonum seinna. Voru þar ýmsar ástæður, sem ollu töfum, en helst sú, að annir voru óvenju miklar í prentsmiðju, svo að ýmislegt varð að sitja á hakanum umfram venju. Á þessu mun bót verða ráðin árið 1984.

### Guðirnir á Síriusi:

Í undanförnum árgögum 1981, 1982 og 1983 hafa verið að birtast smátt og smátt, kaflar úr bókinni „**Guðirnir á Síriusi**“, eftir K. O. Schmidt, í snilldar þýðingu Þorsteins Guðjónssonar. Nú er bókinni lokið. Í 44. hefti Lífgeisla voru bókarlok. Veit ég að mörgum hefur þótt efni hennar hið merkilegasta, enda segir hér frá lífi annarra hnatta, sem mjög er langt komið fram yfir það mannsstig, sem við þekkjum hér á jörð. Lýsingar á æðra lífi eru hér svo merkilegar, að vart mun vera aðrar slíkar að finna á bókum.

## **Efni í ritið:**

Enn leitum við til ykkar um efni í blaðið. Leitið nú í huga ykkar og aðgætið, hvort ekki er þar eitthvað að finna, sem þið gætuð skrifað og sent ritinu til birtingar. Ég veit, að svo muni vera með ykkur flest, því mjög eru margir, sem reynt hafa eitthvað sem kallað er „*dulrænt*“, svo sem fyrirbæri ýmiskonar: Hvarf hluta, hugsanasambönd, drauma ýmiskonar, óvæntar sýnir og ótalmargt, sem ekki verður fyrirfram vitað eða talið upp.

## **Ýmis fyrirbæri.**

Margir hafa séð *huldufólk*. eða einhverjar hliðstæðar verur, jafnvel á okkar dögum. Vill ekki einhver, sem frá slíku hefur að segja, senda ritinu frásögn sína?

Einhverjir munu einhverntíma hafa séð í lofti eitthvert fyrirbæri, sem erfitt er að útskýra, e. t. v. í ætt við það, sem kallað er *fljúgandi furðuhlutir* eða *fljúgandi diskar*. Ef svo er, leyfið því þá að koma fram.

**Draumar** eru pau fyrirbæri, sem algengust eru. Alla dreymir og langflestir muna drauma sína. Liggið ekki á liði ykkar, kæru lessendur, sendið okkur frásagnir ykkar um eigin drauma. Peir eru merkileg og sígild viðfangsefni, hvernig sem á er litið.

## **Gjafir:**

Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem sent hafa aukagreiðslur til Lífgeisla á árinu 1983 og fyrr til að auðvelda útgáfu ritsins. Pessar gjafir hafa sannarlega komið sér vel og eiga sinn þátt í að gera útgáfu þess mögulega. Innilegar þakkir fyrir góðvild ykkar og örlæti.

*F. h. ritstjórnar Lífgeisla,  
Ingvar Agnarsson,  
Pósthólf 1159,  
Reykjavík.*

## BÆKUR OG TÍMARIT um nýólsk málefni

<i>NÝALL I-VI</i> , 2. útg. 1955. Félag Nýalssinna .....	Kr. 2500,-
<i>TIL PÍN</i> . Ljóðabók Þorsteins Jónssonar. Útg. 1956. ....	- 200,-
<i>DRAUMAR OG SVEFN</i> . Þorsteinn Jónsson. Útg. 1975. ....	- 150,-
<i>LÍFER Á ÖDRUM STJÖRNUM</i> . Þorsteinn Guðjónsson. Útg. 1974. Félag Nýalssinna. ....	- 100,-
<i>GUÐIRNIR Á SÍRÍUSI</i> . K. O. Schmidt, P. G. þýddi. Lífgeislaútg. ....	- 100,-
<i>MÁLPING ÍSLENDINGA</i> . Ritstj. P. G. Innb. Lífgeislaútgáfán ....	- 300,-
Væntanleg bók. Þorsteinn Jónsson ....	- 800,-
<i>LÍFGEISLAR</i> 1975–1983. 5 hefti á hverju ári. 50 kr. hvert.	

*PÆTTIR UM HEIMSFRÆÐI* Helga Pjeturss. Urð 1973. Elsa Vilmundardóttir og Þorsteinn Þorsteinsson.

*SKRÁ YFIR RITVERK DR. HELGA PJETURSS.*

Samúel D. Jónsson og Elsa Vilmundardóttir, Urð 1974

*YFIRLIT YFIR KENNINGAR DR. HELGA PJETURSS.* Ólafur Halldórsson. (32, tbl. Lífgeisla, apríl 1981). Félag Nýalssinna.

Tímaritið *ÍSLENSK STEFNA*. Félag Nýalssinna 1951–’63.

Tímaritið *MIÐGARDUR*. Félag Nýalssinna 1974–1975, alls 2 hefti.

*FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA* kom út 1953–1975, um félagsmál og lífsbandsmál, en eftir það nær eingöngu um félagsmál. Alls komin 64 hefti.

*ÍSLENDINGABYGGÐ Á ÖDRUM HNETTI*. Guðmundur Davíðsson. 1929. Félag Nýalssinna á nokkur eintök af 2. hefti. Kr. 100

Eldri bækur Þorsteins Jónssonar:

*SAMTÖL UM ÍSLENZKA HEIMSPEKI* (1940) og *TUNGLSGEISLAR* (1953) eru ófáanlegar.

### ERLENDAR BÆKUR:

*ASTROBIOLOGY*. Þorst. Guðjónsson 1976. .... Kr. 250,00

*DREAMS ARE THE KEY TO THE COSMOS*. Þorst. Guðjónsson 1982. .... - 300,00

Þau rit sem fáanleg eru, fást hjá Félagi Nýalssinna, Álfhólsvégi 121, Kópavogi (Pósthólf 1159, Reykjavík).

Samúel D. Jónsson, Fossvogsbletti 13, s. 40383, varðveisir bækur gefnar út af Bókaútgáfunni Urð.



*Útgefandi: FÉLAG NÝALSSINNA*  
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík  
*Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON*

## EFNISYFIRLIT:

### ERINDI OG GREINAR:

Dýrahringurinn. (Sjá forsíðumynd). I. A. ....	Bls. 146
Ný bók eftir heimspeking. Þorsteinn Guðjónson. ....	— 147
Ráð við ofhugsun. Þorsteinn Guðjónsson. ....	— 150
Eftirmæli. Sonur. ....	— 151
Möguleikar lífsins. I. A. ....	— 153
Tvö dæmi. Þorsteinn Jónsson. ....	— 157
Stjörnuhiminn. — Draumsýn. I. A. ....	— 158
Hendurnar. — Fyrirburður. I. A. ....	— 159
Hugleiðingar Gunnars Hjörvar. ....	— 161
Nýall og fíkniefni. — Nýall og dýrahald. — Nýall og trú, boðorð og refsing. — Örugg undankomuleið frá kjarnorkuvá. — Nýall og þjóðfélagsmál. — Ný þjóðaratvinnuvegur. — Íslendingar og kjarnorkusprengjan.	

### LJÓÐ:

Ýmir. Einar Benediktsson. ....	— 165
--------------------------------	-------

### DRAUMAR:

Hið gullna tungl. (Með mynd). I. A. ....	— 167
Athugasemd við draum Ingvars. P. G. ....	— 168
Draumar Svövu Jónsdóttur frá Hrærekslæk. Hall-dór Pjetursson. ....	— 170
Hraðfara sól. (Með mynd). I. A. ....	— 172
Draumur um svif í löngum sal. I. A. ....	— 174

### SAMBANDSFUNDIR:

Fyrir miðilsmunn. J.—L. ....	— 175
Miðill: Sv. Har. Ritari: G. Hj.	

### VIÐ ÁRSLOK:

Til lesenda Lífgeisla. I. A. ....	— 177
Bækur og tímarit um nýólsk málefni ....	— 179